

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 236. FUNDUR.

236. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 15. maí 2014 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

### Fundinn sátu:

Leó Örn Þorleifsson, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Stefán Einar Böðvarsson, Elín R. Líndal, Elín Jóna Rósinberg, Ragnar Smári Helgason, Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

### Embættismenn:

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

### Fundarritari:

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Oddviti setti fund.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá erindi sjúkraflutningamanna í Húnaþingi vestra „Söfnun fyrir sjálfvirku hjartahnoðtæki“ sem 6. dagskrárlið. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

## 1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.

**Fundargerð 829. fundar** frá 22. apríl sl. Fundargerð í 11 liðum. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun vegna 11. liðar fundargerðarinnar:

„Um nokkra hríð hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra haft til skoðunar möguleika á lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið og hefur framkvæmda- og umhverfissvið verið í sambandi við Mílu vegna þess. Samhliða lagningu hitaveitu að Gauksmýri nú í sumar er til skoðunar að ljósleiðari verði plægður niður samhliða hitaveitulögninni. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hver niðurstaðan verður en áfram verður unnið að framgangi málsins.“

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 830. fundar** frá 28. apríl sl. Fundargerð í 8 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 4. dagskrárlið

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta afgreiðslu 4. dagskrárliðar í fundargerð 830. fundar byggðarráðs frá 28. apríl sl.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 8. dagskrárlið.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir, að fengnu áliti lögmanns sveitarfélagsins, að fela framkvæmda- og umhverfissviði að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Villa Valla ehf., um málningarframkvæmdir í Húnaþingi vestra á grundvelli tilboðs hans í umræddar framkvæmdir sbr. útboð sem auglýst var í 14. tbl. Sjónauskans.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 831. fundar** frá 5. maí sl. Fundargerð í 5 liðum Fram lögð eftirfarandi bókun við 2. dagskrárlið: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra færir Oddnýju Helgu Sigurðardóttur,

grunnskólakennara við Grunnskóla Húnaþings vestra þakkir fyrir vel unnin störf í þágu fræðslumála í Húnaþingi vestra á liðnum árum.“

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 832. fundar** frá 12. maí sl. Fundargerð í 11 liðum. Fram lögð eftirfarandi tillaga við við 3. dagskrárlið:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir tillögu byggðarráðs um úthlutun styrkja úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði 2014.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal vék af fundi við umfjöllun og afgreiðslu þessa dagskrárliðar. Fram lögð eftirfarandi tillaga við við 2. dagskrárlið:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra staðfestir samþykkt byggðarráðs um að fela starfsmönnum framkvæmda- og umhverfissviðs að eiga samstarf við Umhverfisstofnun um framkvæmd áætlunar Eflu verkfræðistofu um lokun urðunarstaðarins að Syðri-Kárastöðum.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fram lögð eftirfarandi tillaga við við 8. dagskrárlið:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að ekki séu fyrir hendi forsendur til að aðhafst sérstaklega vegna niðurstaðna kjarakönnunar meðal starfsmanna Húnaþings vestra þar sem ekki hafið komið fram óútskýrður kynbundinn launamunur. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma skilaboðum um nauðsyn á leiðréttingu lægstu launa til Launaneftdar sveitarfélaga.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal situr hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Fram lögð eftirfarandi bókun við 10. dagskrárlið:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra fagnar útgefnu leyfi Orkustofnunar til Húnaþings vestra til nýtingar á jarðhita í landi Reykja í Hrútafirði.“

Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

## 2. Fundargerð félagsmálaráðs. Oddviti kynnti.

**Fundargerð 146. fundar** frá 30. apríl sl. Fundargerð í 4 liðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 3. Fundargerð skipulags- og umhverfiráðs. Oddviti kynnti.

**Fundargerð 236. fundar** frá 8. maí sl. Fundargerð í 6 liðum. Eftirfarandi tillaga var lögð fram við 2. lið fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að veita Hlöðunni ehf, undanþágu frá ákvæðum gildandi aðalskipulags v/ umsóknar félagsins um nýtingu húsnæðisins að Hafnarbraut 3 á Hvammstanga og útgáfu byggingarleyfis að uppfylltum skilyrðum sem skipulags- og umhverfiráð samþykkti á fundi sínum þann 3. apríl sl.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

1. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum
3. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.
4. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum
5. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum
6. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

## 4. Fundargerð ungmennaráðs. Oddviti kynnti.

**Fundargerð 19. fundar** frá 6. maí sl. Fundargerð í 3 liðum. Eftirfarandi tillaga lögð fram við 1. lið fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að veita Ungmennaráði heimild til að veita Eldi í Húnaþingi kr. 150.000- framlag af fjárheimild ráðsins á árinu 2014.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fram lögð eftirfarandi bókun við 3. dagskrárlið.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að færa fulltrúum í ungmennaráði Húnaþings vestra þakkir fyrir vel unnin störf í þágu ungmenna og æskulýðs í sveitarfélaginu á sl. ári.“  
Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

#### **5. Brunavarnaráætlun 2014-2018. Oddviti kynnti.**

Fram lögð eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða Brunavarnaráætlun 2014-2018 fyrir starfssvæði Brunavarna Húnaþings vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

#### **6. Söfnun fyrir sjálfvirku hjartahnoðtæki.**

Fram lögð eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings fagnar frumkvæði sjúkraflutningamanna í Húnaþingi vestra um söfnun fyrir sjálfvirku hjartahnoðtæki í sjúkrabíla í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að veita söfnuninni framlag að fjárhæð allt að kr. 500.000- „ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

#### **7. Skýrsla sveitarstjóra.**

Skúli Þórðarson sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.17:03

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason..

---

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

---

Elín R. Líndal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.